


Upplifum saman – að samræma vinnuna heima og samveru með leikskólabarni

Þær Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, lektor í leikskólafræðum og Svava Björg Mörk, aðjunkt ræddu ýmsar hliðar leiks ungra barna á þriðja fræðslufundi fundaraðarinnar. Yfirskrift fundarins var *Upplifum saman – að samræma vinnuna heima og samveru með leikskólabarni*.

Upptöku á fundinum má finna hér.



The screenshot shows a Zoom meeting interface. The main content is a presentation slide with the title "Samantekt - að hafa á bak við eyrað". The slide lists several bullet points in Icelandic, including "Njóta samverunnar - tækifæri", "Finna barnið í sjálfum sér", and "Sýna barninu athygli". To the right of the slide is a gallery view of five participants: Ingibjörg Sigurðardóttir, Ester Yr Jónsdóttir, Svava Mörk, Heimilinn og Has..., and Kjens. The Zoom control bar at the bottom includes options like Unmute, Stop Video, Invite, Manage Participants, Share Screen, Chat, Pause/Stop Recording, Reactions, and Leave Meeting.

Fjöl margar hugmyndir um leiki barna og með börnum komu fram á fundinum.

Ábendingar og tenglar frá þátttakendum

Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá dýragörðum víðsvegar um heiminn. Ef slegin eru inn leitarorðin „webcam“/„life cam“ og „zoo“ koma ýmsir tenglar upp, líkt og þessir:

- Húsdýragarðurinn
- Dýragarðurinn í San Diego
- Dýragarðurinn í Edinborg
- EarthCam, hægt að ferðast um allan heim

Til að samræma leiki yngri og eldri leikskólabarna má hafa leikinn miserfiðan fyrir þau, t.d. að þau yngri leiti eftir hlutum í ákveðnum lit á meðan þau eldri leiti eftir hlut sem byrjar á ákveðnum bókstaf. Hafa leikina þannig að kröfurnar séu meiri á eldra barnið en það yngra. Eldra barnið er hægt að setja í hlutverk „þess eldra“ þar sem það fær að sýna og kenna því yngra í leiknum.

Um að gera að nota tæknina og leyfa börnum að hittast á skjánum og leika saman í rauntíma. Þau geta alveg farið í „minns og þinns“ í gegnum skjáinn.

Með kveðju frá þeim Ingibjörgu og Svövu

Ingibjörg Ósk og Svava eru með hlaðvarpið LÍMÓNUTRÉÐ þar sem fjallað er um leikskólamál. Í einum þáttanna ræddu þær við Söru Margréti Ólafsdóttur, lektor við deild kennslu- og menntunarfræði á Menntavísindasviði Háskóla Íslands um sýn barna á leik.

Hér eru tenglar á nokkrar gagnlegar síður:

- Börn og tónlist
- 20 útileikir fyrir krakka
- Leikgleði – 50 leikir

Að lokum bentu þær stöllum á þýdda grein sem Steve Wiens, rithöfundur, prestur og faðir, skrifaði. Greinin heitir *Skilaboð til foreldra ungra barna – „Ég ætla að segja það sem allir vilja segja, upphátt!“*. Á ensku heitir greinin *To parents of small children: Let me be the one who says it out loud*. Greinin birtist fyrst á blogginu „The actual Pastor“ og hefur vakið mikla athygli en í henni ræðir Steve ýmis atriði

sem flestir ef ekki allir foreldrar kannast við og hafa hugsað einhvern tímann.